

### Hávingull (*Festuca pratensis* eða *Schedonorus pratensis*)

Enska; Meadow fescue, danska; Eng-Svingel, norska; Engsvingel, sænska; Ängssvingel

#### Tegundalýsing og kjörlendur

Hávingull er blaðríkt lauspýfið og hávaxið puntgras. Punturinn er stórgerður, langur og lítið eitt lotinn með 10-18 mm löng smáöx með 8-13 blómum. Axagnirnar eru örstuttar og hárlausar en blómagnirnar grágrænar, himnurenndar og trosnaðar í endann. Blöðin eru flöt og 3-6 mm breið.

Hávingull er frekar sjaldgæfur slæðingur hér á landi við ræktunarlönd nema á einum stað sem er Pétursey í Mýrdal. Annars vex hann eingöngu í ræktunarlandi þar sem honum hefur verið sáð.

#### Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Hávingull hefur aðallega verið prófaður í tilraunum hér á landi en í litlum mæli hjá bændum. Hann er uppskerumikill en hefur yfirleitt mjög takmarkaða endingu og er ekki sveiþpolinn. Hann getur hugsanlega hentað í grasblöndur (með vallarfoxgrasi eða rauðsmára) fyrir sáðskiptakerfi með skammlífum tünnum. Hann hentar bæði til beitar og sláttar og gefur góðan endurvöxt. Hann er í yfir meðallagi lystugur.

#### Ræktunarleiðbeiningar

Hávingull er best að rækta í frjósömu rakaheldnu kýfðu landi eða í halla. Þúsundkorna þyngd er um 2 g og ráðlagt sáðmagn í hreinrækt er 30 kg á ha. Upplýsingar um heppileg yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Fræið spirar nokkuð hratt en er lengi að róta sig og hávingull gefur ekki mikla uppskeru sáðárið. Æskilegur sáðtími er frá vori og fram á mitt sumar. Mikilvægt er að vanda jarðvinnslu með góðri plægingu sem grefur djúpt rötarskot og -hnausa af grasillgresi eins og snarrót. Sáðdýpt er 1-2 sm og sáðbeðið á að vera mjög þétt, slétt og fínunnið. Best er að sá á yfirborðið og valta strax á eftir. Hávingull er frekar áburðarfrekur og svarar vel áburði á milli slátta. Upplýsingar um áburðaskammta í tünrækt má finna í Handbók bænda.

